

## Fundargerð

159. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðviku-  
daginn 15. janúar 2014 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Tilboð Matvælastofnunar um aðgang að gagnagrunninum Ísleyfi, kynning.**

Matvælastofnun hefur boðið heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga að nýta sér gagnagrunninn Ísleyf til skráninga á eftirliti með matvælafyrirtækjum og til að halda utan um áhættumat fyrirtækja. Tilboð Matvælastofnunar er til sameiginlegrar skoðunar hjá heilbrigðiseftirlitssvæðunum og einnig eru til skoðunar aðrir valkostir og verður niðurstaða þessarar skoðunar kynnt fyrir heilbrigðisnefnd.

3. **Molta ehf, staða mengunarvarna.**

Í erindi frá Moltu ehf dags. 14. janúar s.l. kemur fram að unnið er að bættum mengunarvörnun og er fyrirhugað að koma fyrir vatnsúðakerfi sem fellir rykagnir og lykt í strompi verksmiðju Moltu ehf á Þveráreyrum og einnig eru til skoðunar öflugri ósöntæki og öbiofilterö til að koma í veg fyrir að ólykt valdi nágrönnum óþægindum.

4. **Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi, staða ágreiningsmála.**

Kynnt var kæra Sveitahótelsins Sveinbjarnargerði til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og greinargerð vegna þessa máls.

5. **HGH verk (Möl og Sandur); staða mála varðandi húsaskólp í Glerá og skolun steypubíla í Glerá.**

#### Möl og sandur ó losun húsaskólps í Glerá

Eftifarandi var bókað:

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur ekki borist staðfesting á úrbótum á fráveitumálum Malar og sands (HGH Verks ehf.), en frestur til þess rann út 25. desember sl.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra beinir hér með þeim tilmælum til rekstraraðila Malar og sands (HGH Verks ehf.) að nefndin verði upplýst um stöðu fráveitumála fyrirtækisins og fyrirætlanir um úrbætur, hafi þær ekki átt sér stað nú þegar. Farið er fram á að rekstraraðili veiti ofangreindar upplýsingar innan tveggja vikna, eða fyrir 30. janúar 2014.

Í samræmi við 3.tl. 26.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, hyggst heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra afturkalla starfsleyfi Malar og sands (HGH Verks ehf.) ef ekki verður brugðist við tilmælum nefndarinnar um úrbætur í fráveitumálum innan ofangreinds frests.

Beiting dagsekta í samræmi við 27.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir verður haldið áfram þar til staðfesting á úrbótum hefur borist heilbrigðisnefnd.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að skv. 31.gr. laga nr. 7/1998 er Mól og sandi (HGH Verk ehf.) heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4.gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

#### Mól og sandur ó skolun steypubíla í Glerá

Eftirfarandi var bókað:

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur ekki borist staðfesting á úrbótum eða upplýsingar um fyrirhugaðar úrbætur varðandi skolun á tromlum steypubíla út í Glerá, en frestur til þess rann út þann 26. desember sl.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra veitir hér með Mól og sandi (HGH Verk ehf.) áminningu í samræmi við 26.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áminning mun verða birt á heimasíðu embættisins. Fyrirtækinu er veittur frestur til 30. janúar nk. til úrbóta og/eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að skv. 31.gr. laga nr. 7/1998 er Mól og sandi (HGH Verk ehf.) heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4.gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

#### **Umsagnir:**

6. Skipulags- og matslýsing fyrir breytingu aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 og gerð deiliskipulags fyrir lóð undir ferðaþjónustu í landi Krossdals í Kelduhverfi.
7. Skipulags- og matslýsing fyrir 2. áfanga deiliskipulags iðnaðarsvæðis við Bakka.
8. Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Lýsing skipulagsverkefis.
9. Skútustaðahreppur Hverfjall-deiliskipulag-tillaga.
10. Skútustaðahreppur Skútustaðagígar-deiliskipulag-tillaga
11. Skútustaðahreppur. Tillaga að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustuna á Stöng í Mývatnssveit.

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 4 til 9 og fór yfir helstu atriði og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

#### **Umsóknir um starfsleyfi:**

1. Norðurþing kt. 640169-5599-Borgarhólsskóli mötuneyti. **Samþykkt.**
2. Bryndís Pétursdóttir, kt. 220670-4069. Lautavegur 8, 660 Laugar. Heimagisting. **Samþykkt.**

3. S6 Verslunarfélag ehf (Nætursalan), kt. 441213-0420, Strandgötu 6, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna eigendaskipta. **Samþykkt.**
4. S6 Verslunarfélag ehf, kt. 441213-0420, Skipagötu 2, umsókn um starfsleyfi vegna eigendaskipta (áður öBesti bitinnö). **Samþykkt.**
5. Thomas Piotr ehf, kt. 581113-0720, Klettaborg 38, 600 Akureyri, rekstur á pylsuvagn í miðbæ Akureyrar, umsókn um starfsleyfi vegna eigendaskipta. **Samþykkt.**
6. Sigurbjörn ehf., kt. 560178-1079, Öldutúni 4, 611 Grímsey. Fiskvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt til 6 mánaða.**
7. Daltré ehf., kt. 420288-1319, Böggvisstöðum, 620 Dalvík. Trésmíðaverkstæði. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
8. Tréverk ehf., kt. 660269-2829, Grundargötu 8, 620 Dalvík. Trésmíðaverkstæði. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
9. Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar, kt. 460100-2910, 611 Grímsey. Vélaverkstæði. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**

### Önnur mál:

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15

---

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir  
formaður

---

Alfreð Schiöth

---

Sigurjón Jóhannesson

---

Þorkell Björnsson

---

Birna Jóhannesdóttir

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Hafsteinn H. Gunnarsson

---

María Markúsdóttir

---

Steinn Karlsson

---

Jón Torfi Halldórsson

---

Kristín Halldórsdóttir